

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
b/t Rúnar Guðmundsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík 16. apríl 2019  
UST201903-256/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Bratti – fjallasel - Bláskógarbyggð**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Bláskógarbyggðar er barst 26. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að deiliskipulagi fyrir fjallaselið Bratta í Bláskógarbyggð.

Í greinargerð kemur fram að Bratti (nr. AF32) sé fjallasel í Súlnadal í Botnssúlum. Þar sem er skáli sem verður fjarlægður, en í staðinn væri heimilt er að byggja nýjan skála allt að 80 m<sup>2</sup>. Einnig kemur fram að gisting getur verið fyrir allt að 30 manns og ekki er heimilt að aka að húsinu. Gert er ráð fyrir þurrsalerni og að úrgangur verði fluttur til byggða á vélsleða á veturna, en nánari grein verður gerð fyrir fráveitu í deiliskipulagi sem og vatnsöflun. Ekki verður heimilt að aka að skálanum.

### **Umhverfisvernd**

Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að byggja upp innviði svæðisins og setja umgengisreglur til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að umferð ferðamanna á svæðinu sé stýrt til að koma í veg fyrir rask og draga úr ágangi á viðkvæma náttúru á svæðinu og í næsta nágrenni.

### **Umhverfisskýrsla**

Að mati Umhverfisstofnunar er umhverfisskýrsla tillögunnar til fyrirmyndar eins og hún er kynnt í lýsingu.

Stofnunin telur að í ofangreindri lýsingu sé gerð fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur